

Náttúrufræðistofnun umsögn

Til : Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>; Norðurþing <nordurthing@nordurthing.is>
Frá : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>
CC : Eydís Lindal Finnbogadóttir - NI <Eydís.L.Finnbogadottir@ni.is>
Heiti : Náttúrufræðistofnun umsögn
Málsnúmer : 202206024
Málsaðili : Norðurþing
Skráð dags : 09.11.2022 00:00:00
Höfundur : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>
Viðhengi [image001.png](#)

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0023 (SS, OKV, RT).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings, dags. 25. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Af uppdrættinum er ekki vel ljóst í hverju breytingin á deiliskipulaginu felst, þar sem uppdrættirnir tveir virðast eins, þ.e. gildandi skipulag og tillagan að breytingu. Þá er ekki heldur gott að átta sig á þeim texta sem fylgir uppdrættinum og greinargerðin fylgir ekki.

Landið norðan Ásgarðsvegar og austan Grundargarðs er að miklu leyti framræst votlendi og eru áhrif mannvistar á gróður umtalsverð.

Svæðið er grasgefið og gætu vistgerðir á þessu svæði verið snarrótarvist eða grasengjavist, þar sem framræsla hefur þurrkað votlendið það mikið að grös og blómjurtir eru orðnar áberandi. Séu enn blettir í mýrinni sem ekki hafa þornað við framræsluna er mögulegt að þarna finnist runnamýravist eða starungsmýravist. Allar eru þessar vistgerðir gróskumiklar og hafa að geyma kolefnisríkan jarðveg. Þá hafa mýrlendisvistgerðirnar mjög hátt verndargildi og grasengjavist og snarrótarvist hátt gildi.

Á þessu svæði hefur landi verið raskað. Fyrst og fremst er það framræslan sem hefur raskað vatnsbúskap mýrarinnar en jafnframt er líklegt að þarna sé að finna ýmsar tegundir sem fylgja mannabyggð, s.s. lúpína og kerfill sem og trjátegundir er fylgja skóg- og garðrækt.

Engar válistaplöntur eða friðlýstar plöntur eru skráðar á þessu svæði.

Þá er lítið vitað um fuglalíf á svæðinu en líklegt að mófuglar verpi þar og þá frekar tegundir sem þola betur að vera í nálægð við byggð.

Sé ætlunin að fella niður lóð væri það til bóta upp á að hlífa gróðri og viðhalda opnu svæði sem einnig nýtist sem búsvæði fyrir fugla og annað dýralíf.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir"

To: "Móttaka - NI"

CC:

Subject: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík

Date: 26.9.2022 14:11:53

Góðan dag

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík Norðurþingi

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 22. september 2022 að kynna meðfylgjandi tillögu á deiliskipulagsbreytingu skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010. Sendi ég hér deiliskipulagsbreytinguna til skoðunar.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða í tölvupósti á nordurthing@nordurthing.is fyrir 10. nóvember 2022.

Þetta mun einungis berast rafrænt nema að óskað sé eftir öðru.

Fylgiskjöl:

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík dags. 30.08.2022. Uppdráttur og greinargerð eru sett fram á einu blaði í blaðstærð A1.
2. Afrit auglýsingar um almenna kynningu breytingartillögunnar.

Kveðja

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

[Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer](#)